

Bæjarstjórn Fjallabyggðar

237. fundur

14. desember 2023 kl. 17:00 - 18:35

í Ráðhúsi Fjallabyggðar, Gránugötu 24, Siglufirði

Nefndarmenn

S. Guðrún Hauksdóttir forseti
bæjarstjórnar, D-lista
Tómas Atli Einarsson bæjarfulltrúi, D lista
Helgi Jóhannsson bæjarfulltrúi, H lista
Guðjón M. Ólafsson bæjarfulltrúi, A lista
Sæbjörg Ágústsdóttir bæjarfulltrúi, A lista
Porgeir Bjarnason bæjarfulltrúi, H lista
Arnar Pór Stefánsson bæjarfulltrúi, A lista

Starfsmenn

Sigríður Ingvarsdóttir bæjarstjóri
Bragi Freyr Kristbjörnsson deildarstjóri
stjórnsýslu og fjármála

Fundargerð ritaði: Bragi Freyr Kristbjörnsson deildarstjóri stjórnsýslu og fjármála

1. Bæjarráð Fjallabyggðar - 813. fundur - 4. desember 2023.

Málsnúmer 2311015F

[Vakta málsnúmer](#)

Fundargerð bæjarráðs er í 9 liðum.

Til afgreiðslu eru liðir 2, 3, 4 og 5.

Aðrir liðir þarfnast ekki afgreiðslu og eru lagðir fram til kynningar.

Enginn tók til máls.

- 1.2 2310040 Tillaga að reglum Fjallabyggðar um sérstakan húsnæðisstuðning
Bæjarráð Fjallabyggðar - 813. fundur - 4. desember 2023.
Bæjarráð samþykkir reglurnar fyrir sitt leyti og vísar þeim til staðfestingar í
bæjarstjórn.

Bókun fundar

Bæjarstjórn samþykkir ofangreinda afgreiðslu bæjarráðs með 7 atkvæðum.

- 1.3 2310006 Stuðningur við Flugklasann Air66N 2024-2026
Bæjarráð Fjallabyggðar - 813. fundur - 4. desember 2023.
Fjallabyggð samþykkir að styrkja Flugklasann um sem nemur kr. 300 á hvern íbúa
Fjallabyggðar.

Bókun fundar

Bæjarstjórn samþykkir ofangreinda afgreiðslu bæjarráðs með 7 atkvæðum.

- 1.4 2311054 Umsagnarbeiðni um tímabundið áfengisleyfi.

Bæjarráð Fjallabyggðar - 813. fundur - 4. desember 2023.

Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við umsóknina fyrir sitt leyti.

Bókun fundar

Bæjarstjórn samþykkir ofangreinda afgreiðslu bæjarráðs með 7 atkvæðum.

- 1.5 2311055 Kostnaður og tekjur vegna meðhöndlunar úrgangs - óskað eftir þátttöku sveitarfélaga.

Bæjarráð Fjallabyggðar - 813. fundur - 4. desember 2023.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að sækja um þátttöku í verkefninu fyrir hönd Fjallabyggðar.

Bókun fundar

Bæjarstjórn samþykkir ofangreinda afgreiðslu bæjarráðs með 7 atkvæðum.

2. Bæjarráð Fjallabyggðar - 814. fundur - 8. desember 2023.

Málsnúmer 2312003E

[Vakta málsnúmer](#)

Fundargerð bæjarráðs er í 8 liðum.

Til afgreiðslu eru liðir 2, og 3.

Aðrir liðir þarfnast ekki afgreiðslu og eru lagðir fram til kynningar.

Enginn tók til máls.

- 2.2 2312006 Störf undanþegin verkfallsheimild 2024

Bæjarráð Fjallabyggðar - 814. fundur - 8. desember 2023.

Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við skrá um starfsmenn sveitarfélagsins sem undanþegnir eru verkfallsheimild. Tillögunni vísað til bæjarstjórnar.

Bókun fundar

Bæjarstjórn samþykkir ofangreinda afgreiðslu bæjarráðs með 7 atkvæðum.

- 2.3 2312007 Afskrift á bókfærðu virði hlutafjareignar í félögum

Bæjarráð Fjallabyggðar - 814. fundur - 8. desember 2023.

Bæjarráð samþykkir tillögu deildarstjóra stjórnarsýslu og fjármála um afskriftir á bókfærðu virði hlutafjareignar í félögum sem eru hætt starfsemi, afskráð eða orðin gjaldþrota.

Bókun fundar

Bæjarstjórn samþykkir ofangreinda afgreiðslu bæjarráðs með 7 atkvæðum.

3. Ungmennaráð Fjallabyggðar - 39.fundur - 1. desember 2023.

Málsnúmer 2311016F

[Vakta málsnúmer](#)

Fundargerð ungmennaráðs er í fjórum liðum sem ekki þarfnast afgreiðslu bæjarstjórnar.

Fundargerðin er lögð fram til kynningar.

Enginn tók til máls.

4. Fræðslu- og frístundanevnd Fjallabyggðar - 134

Málsnúmer 2311014F

[Vakta málsnúmer](#)

Fundargerð fræðslu- og frístundanevndar er í 5 liðum.

Til afgreiðslu eru liðir 2, og 4.

Aðrir liðir þarfnast ekki afgreiðslu og eru lagðir fram til kynningar.

Enginn tók til máls.

4.2 2306016 Opnunartími íþróttamiðstöðva veturinn 2023-2024

Fræðslu- og frístundanevnd Fjallabyggðar - 134

Undir þessum lið sat Skarphéðinn Þórsson forstöðumaður íþróttamiðstöðva. Á 129. fundi sínum, þann 21.8.2023, samþykkti fræðslu-, og frístundanevnd að samræma opnunartíma sundlauga á virkum dögum í báðum byggðarkjörnum til reynslu í 3 mánuði. Forstöðumaður fór yfir aðsóknartölur í sundlaugum og líkamsræktum Fjallabyggðar á haustönn. Ljóst er að breytingin hefur haft jákvæð áhrif á aðsókn. Fræðslu- og frístundanevnd leggur því til að opnun íþróttamiðstöðva í Fjallabyggð verði með sama hætti fram að sumri 2024.

Bókun fundar

Bæjarstjórn samþykkir ofangreinda afgreiðslu nefndarinnar með 7 atkvæðum.

4.4 2311057 Frístundastyrkir til Fjallabyggðar - Reglur og skilyrði

Fræðslu- og frístundanevnd Fjallabyggðar - 134

Reglur og skilyrði um frístundastyrki hafa verið uppfærð fyrir árið 2024.

Frístundastyrkur til barna á aldrinum 4.-18. ára, verður 47.500 kr. á árinu 2024.

Frístundastyrkir eru afgreiddir í gegnum Sportablar og þá er hægt að nýta til að greiða æfingargjöld íþróttafélaga, skólagjöld í tónlistarskóla og ýmist annað frístundastarf barna. Frístundanevnd samþykkir uppfærðar reglur fyrir sitt leyti og vísar til bæjarstjórnar.

Bókun fundar

Bæjarstjórn samþykkir ofangreinda afgreiðslu nefndarinnar með 7 atkvæðum.

5. Skipulags- og umhverfisnefnd Fjallabyggðar - 306. fundur - 6. desember 2023.

Málsnúmer 2312001F

[Vakta málsnúmer](#)

Fundargerð skipulags- og umhverfisnefndar er í 6 liðum.

Til afgreiðslu eru liðir 2, og 6.

Aðrir liðir þarfnast ekki afgreiðslu og eru lagðir fram til kynningar.

Enginn tók til máls.

5.2 2306030 Deiliskipulag suðurbæjar Siglufjarðar

Skipulags- og umhverfisnefnd Fjallabyggðar - 306. fundur - 6. desember 2023.

Nefndin samþykkir að fella út lóðir við Háveg 64 og 67 í samræmi við athugasemdir Veðurstofu Íslands. Einnig er lagt til að fækka íbúðum og draga úr byggingarmagni á nýjum lóðum syðst á suðurgötu svo nýbyggingar verði ekki stór hluti heildarbyggingarmagns svæðisins, eins og Veðurstofan bendir á í umsögn sinni. Lagfæra skal orðalag í gr.3.2.1 í greinargerð og bæta við upplýsingum um umsagnarskyld hús á svæðinu, þ.e. Suðurgötu 58,60 og Háveg 59. Nefndin samþykkir að skipuleggja græn svæði syðst á Suðurgötu og Laugarvegi, auk þess að leiksvæði við Laugarveg mun halda sér í óbreyttri mynd.

Málið verður tekið upp að nýju á næsta fundi skipulags- og umhverfisnefndar þegar búið er að uppfylla ofangreindar breytingar á deiliskipulagsuppdrætti og greinargerð.

Bókun fundar

Bæjarstjórn samþykkir ofangreinda afgreiðslu nefndarinnar með 7 atkvæðum.

5.6 2311012 Gjaldskrár 2024

Skipulags- og umhverfisnefnd Fjallabyggðar - 306. fundur - 6. desember 2023.

Nefndin gerir ekki athugasemdir við framlagðar gjaldskrár. Vísað til samþykktar fjárhagsáætlunar.

Bókun fundar

Bæjarstjórn samþykkir ofangreinda afgreiðslu nefndarinnar með 7 atkvæðum.

6. Markaðs- og menningarnefnd Fjallabyggðar - 103. fundur - 7. desember 2023.

Málsnúmer 2311017E

[Vakta málsnúmer](#)

Fundargerð markaðs- og menningarnefndar er í tveimur liðum sem ekki þarfnast afgreiðslu bæjarstjórnar.

Fundargerðin er lögð fram til kynningar.

Enginn tók til máls.

7. Hafnarstjórn Fjallabyggðar - 142. fundur - 13. desember 2023.

Málsnúmer 2312002F

[Vakta málsnúmer](#)

Fundargerð hafnarstjórnar er í 11 liðum sem ekki þarfnast afgreiðslu bæjarstjórnar.

Fundargerðin er lögð fram til kynningar.

Tómas Atli Einarsson, Sigríður Ingvarsdóttir og Guðjón M. Ólafsson tóku til máls undir 3. lið fundargerðarinnar.

8. Úthlutun byggðakvóta 2023-2024

Málsnúmer 2312003

[Vakta málsnúmer](#)

Lagt er fram erindi Matvælaráðuneytisins þar sem Fjallabyggð er tilkynnt hversu miklar aflaheimildir koma í hlut hvers byggðarlags innan sveitarfélagsins við úthlutun byggðakvóta á fiskveiðiarinu 2023-2024.

Á 814. fundi bæjarráðs var bæjarstjóra falið að vinna málið áfram og leggja fyrir bæjarstjórn drög að reglum um byggðakvóta fyrir Fjallabyggð þar sem haft verði að leiðarljósi hámarksnýting byggðakvótans. Tillögur bæjarstjóra að sérreglum Fjallabyggðar um byggðakvóta lagðar fram.

Guðjón M. Ólafsson, Sigríður Ingvarsdóttir, S. Guðrún Hauksdóttir, Helgi Jóhannsson og Tómas Atli Einarsson tóku til máls.

Samþykkt

Bæjarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögu að sérreglum um byggðakvóta með 7 atkvæðum.

Bæjarstjórn felur bæjarstjóra að senda ráðuneytinu eftirfarandi ósk um sérreglur í reglugerð 852/2023 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2023-2024.

Lagt er til að sérreglur í reglugerð hvað varðar Fjallabyggð verði með þeim hætti að heimilt verði að landa afla innan sveitarfélags óháð því í hvoru byggðarlagi bátur fær úthlutun, einnig er lagt til að hámark úthlutunar til hvers skips verði ekki meiri en 80 tonn.

Ákvæði reglugerðar nr. 852/2023 gilda um úthlutun byggðakvóta Ólafsfjarðar og Siglufjarðar með eftirfarandi breytingum:

a) Ákvæði 1. másl. 1. mgr., c liðar 1. greinar breytist og verður:

Eru í eigu eða leigu einstaklinga eða lögaðila með heimilisfang í viðkomandi sveitarfélagi 1. júlí 2023.

b) Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal skipt hlutfallslega af því aflamarki sem fallið hefur til viðkomandi byggðarlags, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið innan viðkomandi byggðalags á fiskveiðiarinu, þó að hámarki 80 þorskígildistonn á fiskiskip.

c) Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: "Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðarkvóta innan sveitarfélagsins."

Bæjarstjórn leggur sérstaka áherslu á breytingatillögur c-liðar og að Matvælaráðuneytið taki tillit til aðstæðna í Fjallabyggð og heimili að undanþágu frá algerri vinnsluskyldu og tryggi þannig hámarksnýtingu byggðakvótans fyrir samfélagið í Fjallabyggð.

Fylgiskjöl:

[Fjallabyggð.pdf](#)

[2312003 sérreglur um byggðakvóta.pdf](#)

9. Starfshópur um úrgangsmál í Fjallabyggð.

Málsnúmer 2312023

[Vakta málsnúmer](#)

Lagt fram minnisblað bæjarstjóra um stofnun starfshóps um úrgangsmál í Fjallabyggð.

Enginn tók til máls.

Samþykkt

Bæjarstjórn samþykkir með 7 atkvæðum að setja starfshópinn á fót.

Fylgiskjöl:

[Minnisblað - Starfshópur um úrgangsmál.pdf](#)

10. Starfshópur um málefni Fjallabyggðahafna.

Málsnúmer 2312022

[Vakta málsnúmer](#)

Lagt fram minnisblað bæjarstjóra um stofnun starfshóps um málefni Fjallabyggðahafna.

Arnar Þór Stefánsson, Helgi Jónhannsson, S. Guðrún Hauksdóttir og Tómas Atli Einarsson tóku til máls.

Samþykkt

Bæjarstjórn samþykkir með 7 atkvæðum fyrirleggjandi tillögu að skipan starfshópsins ásamt breytingatillögu að erindisbréfi.

11. Starfshópur um fjárfestingar, framkvæmdir og viðhald á vegum Fjallabyggðar

Málsnúmer 2312021

[Vakta málsnúmer](#)

Lagt fram minnisblað bæjarstjóra um stofnun starfshóps um fjárfestingar, framkvæmdir og viðhald á vegum Fjallabyggðar.

Enginn tók til máls.

Samþykkt

Bæjarstjórn samþykkir með 7 atkvæðum að setja starfshópinn á fót.

Fylgiskjöl:

[Minnisblað - Starfshópur um fjárfestingar, framkvæmdir og viðhald á vegum Fjallabyggðar.pdf](#)

12. Álagning útsvars árið 2024

Málsnúmer 2311033

[Vakta málsnúmer](#)

Á 224. fundi bæjarstjórnar Fjallabyggðar var samþykkt að hækka álagningarhlutfall útsvars árið 2023 í kjölfar samkomulags milli Sambands íslenskra sveitarfélaga og þriggja ráðuneyta um sérstaka viðbótarfjármögnun á þjónustu við fatlað fólk. Gert var ráð fyrir að útsvarsálagning sveitarfélaga myndi hækka um 0,22% árið 2023 gegn samsvarandi lækkun tekjuskattsálagningar ríkisins.

Komi til sams konar breyting á álagningarhlutfalli útsvars fyrir árið 2024 er bæjarráði falin

heimild skv. 5. mgr. 31. gr. og 32. gr. samþykktar um stjórn Fjallabyggðar til að fullnaðarafgreiða málið fyrir 31.12.2023.

Samþykkt

Samþykkt með 7 greiddum atkvæðum.

13. Fjárhagsáætlun 2024-2027

Málsnúmer 2310067

[Vakta málsnúmer](#)

Sigríður Ingvarsdóttir bæjarstjóri tók til máls og kynnti helstu niðurstöður fjárhagsáætlunar 2024-2027:

Fjárhagsáætlun 2024 og þriggja ára áætlun 2025-2027 með hér lögð fram með áorðnum breytingum á milli umræðna.

Ég vil því byrja á því að þakka bæjarfulltrúum, forstöðumönnum hjá sveitarfélaginu og deildarstjórum fyrir þá miklu og góðu vinnu sem þeir hafa lagt að mörkum við gerð þeirrar fjárhagsáætlunarinnar sem hér er lögð fram. Áætlunin var unnin í samvinnu allra flokka í bæjarstjórninni sem sýnir að bæjarfulltrúar eru tilbúnir til að bera sameiginlega ábyrgð á fjármálum bæjarins.

Sú fjárhagsáætlun sem hér er lögð fram sýnir að aðhalds verður gætt í rekstri á komandi ári og grunnur lagður að enn frekari uppbyggingu á komandi árum á margvíslegum sviðum. Fjárhagsáætluninni er ætlað að vera leiðarljós okkar sem berum ábyrgð á rekstri sveitarfélagsins og grundvöllur þess að viðeigandi fjárheimildir séu til staðar til að rekstur Fjallabyggðar gangi eðlilega fyrir sig. Því er afar mikilvægt að vandað sé til verka við áætlunargerðina, að áætlunin sé raunhæf og að henni sé síðan fylgt vel eftir.

Það er fagnaðarefni hve staða Fjallabyggðar er sterk, skuldir litlar og innviðir öflugir.

Fjallabyggð er í hópi þeirra 8 sveitarfélaga á landinu sem skulda minnst. Því sjáum við fram á meira bolmagn til uppbyggingar, framkvæmda og viðhalds á næstu árum.

Gerð fjárhagsáætlunar er alls ekki einfalt verk og óvissuþættirnir eru margir. Til að mynda fór verðbólga ársins 2023 töluvert fram úr spám Hagstofunnar og hefur verið í kringum 9% á árinu. Því munu þjónustugjöld Fjallabyggðar almennt hækka um 6% á árinu 2024.

Útsvarsprósentan helst óbreytt á milli ára þ.e. 14,7%, en þó með fyrirvara um breytingar á lögum frá Alþingi um útsvarsprósentur sveitarfélaga vegna málefna fatlaðs fólks.

Álagningarhlutföll fasteignaskatta á íbúðar- og atvinnuhúsnæði, lóðaleigu, vatns- og fráveitugjalda eru einnig óbreytt milli ára.

Annar stór óvissuþáttur á næsta ári er launakostnaður þar sem flestir kjarasamningar eru lausir í lok mars. En stærsti útgjaldaliður sveitarfélagsins er fólgin í launum. Laun og launatengd gjöld samstæðunnar munu nema 2.420 m.kr. á árinu 2024 eða 55,8% af rekstrartekjum. Launakostnaður eykst þar með um 273 milljónir á milli ára miðað við útkomuspá 2023. Hjá Fjallabyggð starfa nú 251 einstaklingar í 186 stöðugildum.

Helstu niðurstöður fjárhagsáætlunar

Rekstrarafkoma samstæðunnar, fyrir afskriftir og fjármagnsliði, er áætluð jákvæð um 279 m.kr.

Rekstrartekjur A- og B-hluta 2024 verða 4.255 m.kr., þar af eru tekjur A-hluta 3.504 m.kr.

Rekstrargjöld A- og B-hluta vegna ársins 2024 eru áætluð 4.026 m.kr., þar af eru rekstrargjöld A-hluta 3.387 m.kr.

Rekstrarniðurstaða samstæðu A- og B- hluta er jákvæð um kr. 5,6 m.kr. Árið 2025 er hún jákvæð um kr. 55.393.000, árið 2026 um kr. 70.028.0000 og árið 2027 kr. 93.177.000.

Rekstrarniðurstaða A-hluta er neikvæð um kr. 19.609.000 árið 2024.

Eignir Fjallabyggðar eru áætlaðar í árslok 2024, 6.982 m.kr., þar af eru eignir A-hluta 6.224 m.kr. Skuldir og skuldbindingar eru áætlaðar í árslok 2.556 m.kr. Þar af hjá A-hluta 2.662 m.kr. Eigið fé er áætlað 4.415 m.kr hjá samstæðunni og eiginfjárlutfall 63,2%. Eigið fé A-hluta er áætlað 3.581 m.kr. og eiginfjárlutfall 57,4%.

Skuldaviðmið Fjallabyggðar samkvæmt reglugerð 502/2012 verður samkvæmt áætlun 24,7%.

Vaxtaberandi langtímaskuldir árslok 2024 eru áætlaðar 79,9 milljónir, en verða 55,5 milljónir í árslok 2027.

Áætlunin gerir ráð fyrir að veltufé frá rekstri A-hluta verði 297 m.kr. Veltufé frá rekstri samstæðunnar A- og B-hluta verði samtals 429 m.kr. Handbært fé í árslok 2024 er áætlað 267 m.kr.

Framkvæmdir og viðhald eigna

Framkvæmdaáætlun gerir ráð fyrir 349 m.kr. fjárfestingum á árinu 2024 sem verða fjármagnaðar með eigin fjármunum.

Átakið Fegrum Fjallabyggð var haldið á sl. ári, þar sem íbúar kusu um þau verkefni sem þeir vildu að farið yrði í. Fyrir valinu urðu 5 verkefni. Í ár var lokið við að setja upp mini golfvöll á Ólafsfirði og endurbæta leiksvæðin við Fossveg og Laugarveg á Siglufirði. Á næsta ári verður síðan sett upp aparóla á Ólafsfirði og bryggja við tjörnina sunnan við Eyrarflöt á Siglufirði.

Síðast liðið haust var akstursþjónusta félagsþjónustunnar sett á fót, sem bætir til muna þjónustu við skjólstæðinga félagsþjónustunnar og eldri borgara.

Einnig var lokið við myndarlega tölvuvæðingu á unglíngastigi grunnskólans.

Komin er fram skýr forgangsröðun varðandi uppbyggingu íþróttamannvirkja í kjölfar stefnumótunarvinnu starfshóps þar um. Vinna hópsins byggir á aðkomu fjölmargra aðila úr samfélaginu og var mjög góður samhljómur um þá forgangsröðun sem fram kom í stefnuskipti hópsins.

Farið var í umfangsmikla gatnagerð við Vallarbraut og Eyrarflöt á Siglufirði þar sem nú má

sjá nýjar íbúðabyggingar rísa. Ráðist var í endurnýjun á íbúð á Sambýlinu, auk endurbóta á Skálarhlíð. Þá voru lagðir nýir göngu- og hjólastígar við Þjóðveg í Þéttbýli í Ólafsfirði. Lokið var við að LED-væða götulýsingu í Fjallabyggð. Frístundabryggja var reist við Hornbrekkubót í Ólafsfirði og miklar framkvæmdir hafa einnig verið við innri höfnina á Siglufirði þar sem búið er að reka niður nýtt stálþil og steypa bryggjukant. Í fjárhagsáætlun 2024 er gert ráð fyrir stórauðnum fé, eða um 190 milljónum, til viðhalds mannvirkja enda er mikil uppsöfnuð viðhaldspörf mannvirkja í bæjarfélaginu.

Ýmis verkefni

Hvað varðar ýmis önnur verkefni er vert að nefna að sveitarfélagið hefur verið að styðja mjög vel við ýmsa menningartengda starfsemi enda er gaman að sjá hve menningin blómstrar í sveitarfélaginu. Í fjárhagsáætlun 2024 er gert ráð fyrir sömu fjárhæðum áfram í heildarstuðning, en ljóst er að ekki er hægt að verða við öllum umsóknum um fjárstuðning þar sem miklu fleiri umsóknir bárust um styrki fyrir næsta ár en verið hefur undanfarin ár. Það hefur orðið talsverð fólksfjölgun í sveitarfélaginu, frá síðasta ári hefur íbúum Fjallabyggðar fjölgað um 32 einstaklinga. Þessi fjölgun hefur einnig skilað sér í fjölgun nemenda í leik- og grunnskóla og unnið er að lausnum í húsnæðismálum í samstarfi við stjórnendur og starfsfólk skólanna.

Ég vil þakka starfsfólki Fjallabyggðar fyrir óeigingjarnt starf í þágu sveitarfélagsins og bæjarstjórn allri fyrir traust og gott samstarf á árinu sem nú fer senn að renna sitt skeið á enda.

Ég vil að lokum óska bæjarfulltrúum og fjölskyldum þeirra, starfsfólki bæjarins og öllum íbúum Fjallabyggðar hamingjuríkrar jólahátíðar og farsældar á komandi árum.

Guðjón M. Ólafsson, Helgi Jóhannsson, Tómas Atli Einarsson og S. Guðrún Hauksdóttir tóku til máls.

Samþykkt

S Guðrún Hauksdóttir forseti bæjarstjórnar lagði fram eftirfarandi bókun fyrir hönd bæjarstjórnar: Á fundi bæjarráðs þann 04.12 voru lagðar fram breytingartillögur á fjárhagsáætlun 2024-2027 fyrir seinni umræðu um áætlunina í bæjarstjórn, þar sem fram kom að breytingar á milli umræðna skila lakari niðurstöðu en gert var ráð fyrir í upphafi, eða þ.e. áætluð rekstrarniðurstaða A- og B-hluta bæjarsjóðs lækkar sem nemur kr. 52 m.kr. og er þannig áætluð jákvæð um kr. 5,6 m.kr. Þessi lækkun útskýrist mestmegnis vegna aukningar lífeyrisskuldbindinga og lækkunar á áætluðum tekjum hafnarsjóðs.

Framlögð áætlun byggir á eftirfarandi meginforsendum

- Útsvarsprósenta er óbreytt milli ára þ.e. 14,70%, og álagningarhlutföll fasteignaskatta á íbúðar- og atvinnuhúsnæði, lóðarleiga, vatns- og fráveitugjöld haldast einnig óbreytt. Fasteignaskattur á opinberu húsnæði samkvæmt b-lið 3. mgr. 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga verður 1,32%.
- Hækkun útsvarstekna er áætluð 7%.
- Þjónustugjöld hækka um áætlaða verðlagsþróun þ.e. 6%.
- Afsláttur af fasteignaskatti hjá tekjulágum elli- og örorkulífeyrisþegum hækkar, og verður að hámarki kr. 90.000, ásamt því að tekjumörk fyrir afslætti hækka í samræmi við launavísitölu.
- Frístundastyrkur fyrir börn á aldrinum 4 - 18 ára hækkar í kr. 47.500 úr kr. 45.000
- Gert er ráð fyrir 6% hækkun á launum að jafnaði.

Ljóst er að þrátt fyrir sterka fjárhagsstöðu sveitarfélagsins og til að tryggja að svo verði áfram, er tími til komin að staldra við og endurskoða þjónustuframboð og rekstur sveitarfélagsins, samhliða endurskoðun á samþykktum sveitarfélagsins. Íbúar sveitarfélagsins hafa notið þess undanfarin ár þegar kemur að gjaldskrá hækkunum að þeim hefur verið stillt í hóf, en nú er svo komið að lítið svigrúm er til þess og því munu allar gjaldskrár hækka um 6% að undanskildu sorphirðugjaldi sem hækkar í kringum 40%, í kjölfar nýrra laga um úrgangsmál sem tóku gildi á árinu.

Í fjárhagsáætluninni er megin áhersla lögð á grunnkerfin okkar, velferðar- og fræðslumál og hefur það verið markmið bæjarstjórnar, í samvinnu við starfsfólk sveitarfélagsins að leita allra leiða til þess að halda óskertu þjónustustigi við íbúana og auka það sem því var við komið.

Hvað varðar framkvæmdir og viðhald eigna á komandi ári, er gert ráð fyrir að fjárfestingageta sveitarfélagsins nemi um 349 milljónum og verða þær fjármagnaðar með handbæru fé. Fjárfestingaráætlanir síðustu ára hafa markast af því að erfitt hefur reynst að raungera stærri fjárfestingar sveitarfélagsins s.s. viðbyggingar við Íþróttamiðstöðina við Hvanneyrarbraut og viðbyggingu við Grunnskólann við Tjarnarstíg. Þá hefur reynst nauðsynlegt að færa ýmis verkefni á milli ára þar sem ekki hefur náðst að fullklára þau innan hvers árs. Því er svo komið að töluverð fjárfestingaþörf hefur safnast upp hjá sveitarfélaginu bæði af minni og stærri verkefnum.

Vegna ofangreinds þá mun töluverð áhersla verða lögð á innri umbætur hjá sveitarfélaginu

þegar kemur að framkvæmdum og fjárfestingum. Stofnun starfshóps um fjárfestingar, framkvæmdir og viðhald er ætlað að leiða þá umbótavinnu. Áhersla næsta árs verður á framkvæmdir sem tilbúnar eru til útboðs eða eru hafnar. Næsti áfangi Aðalgötu Ólafsfirði verður boðinn út, en fyrsti áfanginn var boðinn út nú í ár. Þá verður síðasti áfangi Aðalgötu Siglufirði boðinn út og er þá því verkefni lokið. Ljóst er að endurbætur á Skálarhlíð færast yfir til komandi árs og verður haldið áfram að vinnu við endurbætur ásamt því að sameining íbúða heldur áfram. Þá á enn þá eftir að ljúka útlits- og yfirborðsfrágangi vegna verkefna ársins 2023 á Óskarsbryggju, Vallarbraut, Aðalgötu Ólafsfirði og annarra minni verka. Töluverð uppbygging íbúðarhúsnæðis hefur verið í sveitarfélaginu á árinu og fær sveitarfélagið afhentar 3 íbúðir á næsta ári. Mikil þörf er á landinu og sveitarfélaginu á uppbyggingu íbúðarhúsnæðis og mun Fjallabyggð hefja undirbúning að skipulagsvinnu fyrir nýjar íbúðir í Ólafsfirði ásamt því að áfram verður unnið markvisst að deiluskipulagsmálum í sveitarfélaginu og framboð nýrra lóða þannig tryggt. Að öðru leyti verður allt kapp lagt á að ljúka hönnunarvinnu á þeim fjölmörgu fjárfestingarverkefnum sem liggja fyrir á næstu árum. Með því að hefja hönnunar- og útboðsundirbúning fyrir, þá næst að auka fyrirsjáanleika í rekstri sveitarfélagsins til framtíðar ásamt því að verkefni eru boðin fyrir út og þá gefst verktökum betri tími til undirbúnings og framkvæmda. Vinna samráðshóps um uppbyggingu íþróttamannvirkja sýnir að fjölmörg stór fjárfestingaverkefni liggja fyrir á næstu árum og því af nægu að taka. Sveitarfélagið verður áfram með í sífelldri endurskoðun samsetningu núverandi fasteigna sinna. Á árinu 2023 var Ólafsvegur 4 seldur og verður söluandvirðinu varið til endurbóta og uppbyggingar á húsnæði félags eldri borgara í Ólafsfirði, sem sveitarfélagið tók yfir á árinu í góðri samvinnu við félag eldri borgara í Ólafsfirði. Á árinu verður endurmati á núverandi húsnæðisþörf haldið áfram og t.d. skoðað hvort Aravíti á Siglufirði verði selt eftir að greining á húsnæðisþörf þjónustusviðs hefur farið fram. Í fjárhagsáætlun 2024 er gert ráð fyrir stórauðni fé, eða tæplega 190 milljónum, til viðhalds mannvirkja enda er mikil uppsöfnuð viðhaldsþörf mannvirkja í bæjarfélaginu. Til samanburðar fóru 140 milljónir til viðhalds á árinu 2023. Fjárhagsstaða sveitarfélagsins er mjög góð og langtímaskuldir einungis um 111 milljónir. Það skiptir verulegu máli að svo sé þegar vextir og verðbólga eru í hærrí kantinum um þessar mundir og má segja að Fjallabyggð sé í öfundsverðri stöðu hvað þetta varðar. Að lokum vill forseti, fyrir hönd bæjarstjórnar, koma á framfæri þökkum til bæjarstjóra, nefndarmanna og starfsmanna sveitarfélagsins fyrir þeirra aðkomu að gerð fjárhagsáætlunar og ánægjulegs samstarfs og óskar íbúum Fjallabyggðar gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári. Samþykkt með 7 atkvæðum.

Forseti bæjarstjórnar bar upp eftirfarandi tillögu:

Í ljósi ofangreinds og þess að afkoma A-hluta bæjarsjóðs er áætluð neikvæð um 19 mkr. á árinu 2024 leggur forseti fram tillögu um að framkvæmd verði úttekt á rekstri sveitarfélagsins ásamt þjónustuframboði samhliða samþykktum sveitarfélagsins, og að bæjarráði verði falið að leggja fram tillögu á næsta bæjarstjórnarfund með hvaða hætti og hvernig sú skoðun eigi að fara fram.

Samþykkt með 7 atkvæðum.

Fylgiskjöl:

[Samantekt_2024.pdf](#)

[Yfirlit_Samantekið - A og B hluti.pdf](#)

[Yfirlit_Sveitarsjóður - A hluti.pdf](#)

[Álagningarreglur fasteignagjalda 2024.pdf](#)

Fundi slitið - kl. 18:35.